

Lagalegur bakgrunnur

Vel þjálfað og hæft starfsfólk bætir þau skilyrði sem dýr eru meðhöndluð við. Hæfni, að því er varðar velferð dýra, bendir til þekkingar á helstu atferlismynstrum og þörfum viðkomandi dýrategundar og einnig á atriðum sem eru til marks um meðvitund og sársaukaskyn. Slík hæfni felur einnig í sér tæknilega sérþekkingu á deyfingarbúnaðinum sem er notaður. Starfsfólki, sem framkvæmir tiltekna slátrunaraðgerðir, og fólki, sem hefur umsjón með árstíðabundinni aflifun loðdýra, skal skylt að hafa hæfisskírteini sem gildir um þær aðgerðir sem þau framkvæma.

EB reglugerð nr. 1099/2009 um vernd dýra við aflifun var innleidd hér á landi með reglugerð nr. 911/2012. Samkvæmt henni skulu aflifun og tengdar aðgerðir aðeins framkvæmdar af aðilum sem eru nægjanlega hæfir til þess án þess að valda dýrunum óþarfa sársauka, nauð eða þjáningu.

Samkvæmt sömu reglugerð skulu rekstraraðilar tryggja að eingöngu einstaklingar sem eru handhafar hæfisskírteinis, sem sýnir hæfi þeirra til að framkvæma aflifun og tengdar aðgerðir, annist eftirfarandi aðgerðir við slátrun:

- meðhöndlun og umönnun dýra áður en þau eru skorðuð,
- skorðun dýra í þeim tilgangi að deyfa eða aflífa þau,
- deyfigu dýra,
- mat á skilvirkni deyfingar,
- að setja dýr í upphengjur eða hífa upp lifandi dýr,
- blóðtæmingu lifandi dýra,
- slátrun dýra á tiltekinn hátt samkvæmt trúarlegum siðum (sjá 4. mgr. 4.gr.)

Í reglugerðinni er einnig fjallað um aflifun loðdýra og kröfur um hæfisskírteini en ekki verður farið nánar í þær kröfur í þessum leiðbeiningum.

Reglugerðin kveður á um að á hæfisskírteinum skuli tilgreina fyrir hvaða flokka dýra, tegund búnaðar og aðgerðir skírteinið gildir.

Einnig skal velferðarfulltrúi dýra vera handhafi hæfisskírteinis og skal það gefið út fyrir allar aðgerðir sem fara fram í slátruhúsunum sem hann ber ábyrgð á.

Matvælastofnun er lögbært yfirvald sem ber ábyrgð á að tryggja að þjálfunarnámskeið séu í boði fyrir starfsfólk sem kemur að aflifun og tengdum aðgerðum (sjá töflu). Sem lögbært yfirvald fer Matvælastofnun með ábyrgð á að samþykkja innihald námskeiðanna og innihald og fyrirkomulag prófsins sem námskeiðunum lýkur með.

Skrefin á undan verklega matinu

Matvælastofnun er í samstarfi við DataPower@Learning í Noregi varðandi notkun á rafræna námsefninu Animalia. Animalia námsefnið byggir á kröfum EB reglugerðar nr. 1099/2009 um vernd dýra við aflifun og er samþykkt af Matvælastofnun sem námsefni fyrir umsækjendur um hæfisskírteini. Animalia býður upp á rafræn námskeið þar sem m.a. er farið yfir dýravelferðarþætti varðandi aflifun dýra við slátrun. Í boði eru námskeið þar sem viðfangsefnið er annars vegar stórgripir og hins vegar alifuglar. Einnig er námsskeiðunum skipt niður eftir deyfingaraðferðum. Boðið er upp á námskeið í aflrænni deyfigu, rafdeyfigu og gasdeyfigu allt eftir þörfum hvers og eins starfsmanns. Námskeiðunum lýkur með rafrænu prófi og þurfa þátttakendur að ná 80% árangri til að standast próf. Þegar starfsmaður hefur staðist rafræna prófið ætti hann að vera tilbúinn í verklegt mat. Grunnforsenda þess að fá afhent hæfisskírteini er að standast bæði rafrænt próf og verklegt mat.

EB reglugerðin vísar ábyrgðinni á að starfsfólk slátruhúsa sem kemur að aflifun sé hæft til starfsins til rekstraraðila. Það er því í höndum slátruhúsanna að sjá til þess að starfsfólk ljúki bæði rafrænu prófi og verklegu mati úr námsefni Animalia.

Sláturhúsin senda beiðni um að aðgangur að tilteknu námsskeiði Animalia sé stofnaður fyrir þá starfsmenn sem koma að aflifun og tengdum aðgerðum og hafa ekki öðlast hæfisskírteini. Beiðnin er send á sérgreinadýralækni heilbrigðiseftirlits í tölvupósti og skal innihalda upplýsingar um eftirfarandi:

- Nafn, kennitala, netfang og símanúmer starfsmanns
- Starfssvið viðkomandi starfsmanns (dýrategund og verkefni (deyfingaraðferðir))

Sérgreinadýralæknir heilbrigðiseftirlits stofnar aðgang fyrir viðkomandi starfsmann og sendir aðgangsupplýsingar á netfangið sem umsóknin barst frá. Opnaður er aðgangur að námsskeiðum sem hæfa hverjum og einum umsækjanda eftir starfssviði viðkomandi.

Í lok námskeiðanna opnast rafrænt próf. Hver starfsmaður fær þrjár tilraunir til að standast hvert próf. Þegar starfsmaðurinn hefur staðist prófin upplýsir sláturhúsið sérgreinadýralækni heilbrigðiseftirlits þar um og óskar jafnframt eftir því við viðkomandi HD/ED að verklegt mat fari fram.

Sérgreinadýralæknir heilbrigðiseftirlits sannreynir í Animalia að árangurinn sé réttur og skráir árangur próftakenda í Exel-skjalið „Animalia-yfirlit“ sem vistað er á One Drive.

Verklegt mat

Verklegt mat þarf að framkvæma á hverjum og einum starfsmanni sláturhúsa sem staðist hefur rafrænt próf í námsefni Animalia. Hæfisskírteini eru ekki gefin út fyrr en starfsmaðurinn hefur staðist bæði rafrænt próf og verklegt mat. Starfandi dýralæknir á Matvælastofnun skal framkvæma verklega matið. Nauðsynlegt er að viðkomandi dýralæknir hafi reynslu af störfum í sláturhúsi og þekki þær kröfur sem gerðar eru varðandi aflifun dýra í EB löggjöf ásamt almennum hollustuháttum við slátrun.

Rekstraraðili ber ábyrgð á að óska eftir verklegu mati fyrir þá starfsmenn sína sem staðist hafa rafræna prófið í Animalia. Rekstraraðili skipuleggur í samráði við héraðsdýralækni/efirlitsdýralækni og starfsmanninn sjálfan hentugan tíma til að framkvæma verklega matið. Æskilegt er að verklega matið fari fram sem fyrst eftir að rafræna prófinu lýkur. Verklega matið skal vera í samræmi við það námsefni sem viðkomandi starfsmaður þreytti rafrænt próf í, þ.e. taka skal mið af starfssviði viðkomandi starfsmanns við framkvæmd verklega matsins.

Taflan hér fyrir neðan byggir á IV. viðauka EB reglugerðar nr. 1099/2009 og sýnir samantekt á þeim atriðum sem horfa þarf eftir við framkvæmd á verklegu mati.

AÐGERÐIR VIÐ SLÁTRUN OG SAMSVARANDI KRÖFUR Í HÆFISPRÓFI

(sem um getur í 21. gr.)

Slátrunaraðgerðir sem taldar eru upp í 2. mgr. 7. gr	Viðfangsefni í hæfisprófi
Allar aðgerðir sem taldar eru upp í a- til g- lið 2. mgr. 7. gr.	Atferli dýra, þjáning dýra, meðvitund og sársaukaskyn, streita hjá dýrum
Meðhöndlun og umönnun dýra áður en þau eru skorðuð,	Hagnýtir þættir varðandi meðhöndlun og skorðun dýra.
Skorðun dýra í þeim tilgangi að deyfa eða aflífa þau,	Þekking á fyrirmælum framleiðanda um tegund skorðunarbúnaðar sem notaður er við vélræna festingu.
Deyfing dýra.	Hagnýtir þættir varðandi deyfingaraðferðir og þekking á fyrirmælum framleiðanda um tegund deyfingarbúnaðar sem er notaður. Varaaðferðir til deyfingar og/eða aflifunar. Almennt viðhald og hreinsun deyfingar- og /eða aflifunarbúnaðar
Mat á skilvirkni deyfingar.	Vöktun á skilvirkni deyfingar. Varaaðferðir til deyfingar og/eða aflifunar.

Að setja dýr í upphengjur eða hifa upp lifandi dýr	Hagnýtir þættir varðandi meðhöndlun og skorðun dýra. Vöktun á skilvirkni deyfingar.
Blóðtæming lifandi dýra.	Vöktun á skilvirkni deyfingar og því að dýr séu ekki með lífsmarki. Varaaðferðir til deyfingar og/eða aflífunar. Viðeigandi notkun og viðhald hnífa til blóðtæmingar.
Slátrun í samræmi við 4. mgr. 4. gr.	Viðeigandi notkun og viðhald hnífa til blóðtæmingar. Vöktun á því að dýr séu ekki með lífsmarki.

Sá sem framkvæmir verklega matið fylgir starfsmanninum eftir í hans störfum og metur hæfni hans m.t.t. þeirra þátta sem taldir eru upp í töflunni. Sá sem framkvæmir verklega matið getur að auki lagt fyrir starfsmanninn munnlegar spurningar varðandi viðfangsefnin og/eða beðið starfsmanninn um að útskýra/framkvæma atriði sem úttektaraðila finnst mikilvæg. Gott er að hafa töfluna til hliðsjónar og merkja við jafn óðum þau atriði sem hafa verið skoðuð svo tryggt sé að öll atriði séu skoðuð. Athugið að breytilegt getur verið eftir starfssviði starfsmannsins hvaða atriði er mikilvægt að meta og hvaða atriðum má e.t.v. sleppa.

Í gegnum allt verklega matið er mikilvægt að horfa til þess hvort starfsmaðurinn hafi góðan skilning á atferli dýra og hafi tilfinningu fyrir líðan þeirra. Mikilvægt er að meta hvort starfsmaðurinn bregðist rétt við sýni dýrin merki um þjáningu eða streitu og hvort hann umgangist þau á viðeigandi hátt og af virðingu. Mjög mikilvægt er að meta skynbragð starfsmannsins á meðvitundarstig dýranna í kjölfar deyfingar og þar til að aflífun hefur farið fram.

Atriði sem gott er að hafa í huga varðandi meðhöndlun og umönnun dýra áður en þau eru skorðuð eru t.d.:

- Færni starfsmannsins við rekstur og umönnun dýra – Nálgast starfsmaðurinn dýrin rétt? Beitir hann dýrin óþarfa þvingun í rekstri? (o.s.frv.).
- Þekking starfsmannsins á skipulagi réttar t.d. staðsetning sjúkrastía o.fl.

Atriði sem gott er að hafa í huga varðandi skorðun dýra eru t.d.:

- Þekking starfsmannsins á atferli dýra og flóttaviðbrögðum hveggar dýrategundar fyrir sig - Nálgast starfsmaðurinn dýrin rétt? Beitir hann dýrin óþarfa þvingun við skorðun? Þekkir starfsmaðurinn hvaða skorðunaraðferðum er beitt á ólíkar dýrategundir? (o.s.frv.)
- Færni starfsmannsins við skoðrunina sjáfa

Atriði sem gott er að hafa í huga varðandi deyfingu dýra eru t.d.:

- Þekking starfsmannsins á virkni deyfingarbúnaðarins
- Færni starfsmannsins við beitingu deyfingarbúnaðarins – Ef um aflræna deyfingu er að ræða þekkir starfsmaðurinn hvar best er að skjóta og hver vinkill skotsins á að vera fyrir hverja dýrategund? Ef um rafdeyfingu svína/sauðfjár er að ræða þekkir starfsmaðurinn hvar á að staðsetja töngina, af hverju og hversu lengi? Ef um rafdeyfingu alifugla er að ræða þekkir starfsmaðurinn hvaða áhrif þættir eins og hæð vatnsbaðs, stærð fugla, tímalengd í vatnsbaði, styrkur straums og spennu, tími frá vatnsbaði að hálsaskurði o.fl. hafa á áhrif deyfingar? (o.s.frv.).
- Þekking starfsmannsins á ólíku vali deyfingarbúnaðar eftir dýrategundum (samt innan starfssviðs hans).

- Þekking starfsmannsins á varadeyfingaraðferðinni - Af hverju hún er nauðsynleg, hvenær ber að grípa til hennar, hvar er varabúnaðurinn staðsettur o.s.frv.
- Þekking starfsmannsins á þrifum og viðhaldi á deyfingarbúnaði og hnífum.

Atriði sem gott er að hafa í huga varðandi mat á skilvirkni deyfingar eru t.d.:

- Er starfsmaðurinn meðvitaður um skyldu sína varðandi vöktun á skilvirkni deyfingar?
- Þekking starfsmannsins á viðmiðunarþáttum sem fylgjast þarf með við mat á skilvirkni deyfingar. Veit hann hvaða viðmiðunarþætti (hornhimnuviðbragð, réttingarviðbragð, öndun o.fl.) er um að ræða? Hefur hann auga fyrir þessum viðmiðunarþáttum þegar hann stendur frammi fyrir dýri við aflifun? Bregst hann rétt við ef deyfing er ekki fullnægjandi (fer fram á úrbætur)?
- Grípur starfsmaðurinn til varadeyfingaraðferðarinnar þegar þörf er á því?

Atriði sem gott er að hafa í huga varðandi mat á færni starfsmannsins við upphengju eða upphífingu lifandi dýra:

- Þekking starfsmannsins á réttri staðsetningu keðja og/eða upphengja.
- Færni starfsmannsins við upphífingar og þekking hans á tímalengd frá deyfingu að stungu og áhrif tímalengdarinnar á deyfingu.
- Skynbragð starfsmanns á velferð og atferli dýranna í upphengju. Á sérstaklega við um alifugla þar sem þeir eru með meðvitund þegar þeir eru hengdir upp.

Atriði sem gott er að hafa í huga varðandi mat á blóðtæmingu lifandi dýra eru t.d.:

- Fylgist starfsmaðurinn með stigi meðvitundar áður en hann blóðgar dýrið? Þekkir hann einkenni meðvitundarleysis (hornhimnuviðbragð, réttingarviðbragð, öndun o.fl.)?
- Grípur starfsmaðurinn til varadeyfingarbúnaðar ef skilvirkni deyfingar er ekki fullnægjandi?
- Þekking starfsmannsins á mismunandi stungustað eftir dýrategundum (samt innan starfssviðs hans). Framkvæmir hann stunguna á fullnægjandi hátt (tími milli deyfingar og stungu, staðsetning stungu, tími þar til dýrinu hefur blætt út)?
- Umgengst starfsmaðurinn hnífana rétt bæði við blóðgun og á milli dýra (hreinlæti, hitakassi, mengun frá stungustað).

Atriði sem gott er að hafa í huga varðandi mat á færni starfsmannsins við slátrun í samræmi við 4. mgr. 4. gr. (trúarleg slátrun) (þessum lið er sleppt í verklega matinu í sláturhúsum þar sem trúarleg slátrun tíðkast aldrei):

- Fylgist starfsmaðurinn með stigi meðvitundar áður en hann blóðgar dýrið? Þekkir hann einkenni meðvitundarleysis (hornhimnuviðbragð, réttingarviðbragð, öndun o.fl.)?
- Grípur starfsmaðurinn til varadeyfingarbúnaðar ef skilvirkni deyfingar er ekki fullnægjandi?
- Þekking starfsmannsins á mismunandi stungustað eftir dýrategundum (samt innan starfssviðs hans). Framkvæmir hann stunguna á fullnægjandi hátt (tími milli deyfingar og stungu, staðsetning stungu, tími þar til dýrinu hefur blætt út)?
- Umgengst starfsmaðurinn hnífana rétt bæði við blóðgun og á milli dýra (hreinlæti, hitakassi, mengun frá stungustað).

Að loknu verklegu mati sendir skoðunarmaður skýrslu um árangur starfsmannsins í tölvupósti til sérgreinadýralæknis heilbrigðiseftirlits. Gott er að láta töfluna að framan fylgja með í tölvupóstinum með athugasemdum skoðunarmannsins við hvert skoðunatriði. Einnig má notast við eftirfarandi töflu:

	Nautgripir	Hross	Sauðfé og	Svín
--	------------	-------	-----------	------

			geitur	
Deyfingaraðferð:				
Pinnabyssa sem gengur inn í heila	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Höfuð-eingöngu rafdeyfung	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Höfuð-hrygg rafdeyfung	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Koltvísýringur í miklum styrk	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	<input type="checkbox"/>
Réttarvist:				
Móttaka og afferming	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Rekstur, meðhöndlun og ummönnun	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Neyðaraflífun	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Slátrun:				
Rekstur til deyfingar	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Skorðun	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Deyfung	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Upphenging	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Blóðgun og blóðtæming	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Deyfingareftirlit	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Varaaðferð	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Búnaður:				
Viðhald, hreingerning og geymsla búnaðar til deyfingar	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Viðhald og hreingerning hnífa	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Dýravelferðarfulltrúi	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Standist starfsmaðurinn verklega matið bætir sérgreinadýralæknir heilbrigðiseftirlits þeim upplýsingum í Exel-skjalið „Animalia-yfirlit“. Þegar starfsmaðurinn hefur lokið bæði rafræna prófinu og verklega matinu gefur sérgreinadýralæknir heilbrigðiseftirlits út hæfisskírteini fyrir starfsmanninn. Hæfisskírteini eru gefin út í númeraröð og eftir ártölum og heldur Matvælastofnun skrá yfir útgefin hæfisskírteini eins og reglur kveða á um. Áður en skírteini er afhent skal skírteinishafi undirrita yfirlýsingu um að hann hafi ekki framið alvarleg brot á lögum Bandalagsins og/eða landslögum um vernd dýra næstliðin þrjú ár fyrir þann dag sem sótt er um slíkt skírteini. Sérgreinadýralæknir heilbrigðiseftirlits útbýr þessa yfirlýsingu og sendir á netfangið sem umsóknin um hæfisskírteinið barst frá. Þegar undirrituð yfirlýsing hefur borist sérgreinadýralækninum útbýr hann hæfisskírteini fyrir starfsmanninn og sendir viðkomandi sláturhúsi.

Sérgreinadýralæknir heilbrigðiseftirlits eða héraðsdýralæknir geymir undirrituðu yfirlýsingarnar í möppu hjá sér. Afrit af undirritaðri yfirlýsingu sem og afrit af hverju hæfisskírteini skal vista í málakerfi

Matvælastofnunar (OneCRM) í safnmáli 1812739 – Hæfisskírteini – Animalia – yfirlýsingar í viðeigandi möppu fyrir hvert sláturhús.